

40. fundur stjórnar Byggðasamlags Tónlistarskóla A-Hún var haldinn þriðjudaginn 20. febrúar 2018, að Húnabraut 26, Blönduósi, klukkan 17:00

Mætt voru: Anna Margret Sigurðardóttir, Róbert Kristjánsson, Jóhanna Magnúsdóttir, Helga Ingimarsdóttir, Einar Kristján Jónsson, framkvæmdastjóri og Skarphéðinn Einarsson, skólastjóri.

Anna Margret Sigurðardóttir, formaður stjórnar setti fundinn og lagði fram eftirfarandi dagskrá:

1. Veðsetning á fasteignum vegna uppgjörs Tónlistarskóla A-Hún til A deildar Brúar lífeyrissjóðs vegna breytinga á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 1/1997

Gengið var til dagskrár:

Dagskrá:

1. Veðsetning á fasteignum:

- a. *Framkvæmdastjóri lagði fram tillögu þess efnis að fasteignir Tónlistaskóla A-Hún, að Húnabraut 26, Blönduósi, fastanúmer 213-6989 og 213-6990 og Bogabraut 10, Skagaströnd, fastanúmer 213-8802 og 213-8803 verði veðsettar, vegna tryggingabréfs fyrir yfirdrætti að upphæð 18.500.000 krónur. Er þetta tilkomið vegna skuldar Tónlistarskólans við Brú lífeyrissjóð starfsmanna sveitarfélaga eins og fram kom á fundi stjórnar á 39. fundi hennar í janúar síðastliðnum.*
 - a. *Stjórn Tónlistaskóla A-Hún samþykkir fyrirliggjandi tillögu þess efnis að fasteignir skólans séu veðsettar vegna tryggingabréfs.*
 - i. *Framkvæmdastjóra falið að ganga frá málinu.*

Fleira ekki gert,

fundi slitið kl. 17:35

Fundargerð ritaði Einar Kristján Jónsson

Anna Margret Sigurðardóttir

Jóhanna Magnúsdóttir

Róbert Kristjánsson

Helga Ingimarsdóttir

Einar Kristján Jónsson

Skarphéðinn Einarsson

